# DAN FRÁ SKOTLANDI, SFÍ 2003-1-0768 (264530 ISDS)

**Eigandi hunds:** Gunnar Einarsson
**Ræktandi:** Brian K.MacFarlane
**Fæðingarár hunds:** 2003
**Helstu afrek:** 5. sæti í landskeppni unghunda í Skotlandi 2006 með 81 stig (Scottish Nursery Final), en þar hafa keppnisrétt og etja kappi bestu unghundar Skotlands. Þar á undan hafði hann unnið til verðlauna á ýmsum minni mótum.

Dan er sérlega vel heppnað eintak af hundi og hefur komið sterkur inn í ræktunina á Daðastöðum. Út af honum hafa komið margir góðir hundar. Hann er fluttur inn frá Skotlandi árið 2006. Hann er vel ákveðinn, án þess að stressa kindurnar og hefur góða fjarlægð, án þess að víla fyrir sér að sækja á eða taka í. Hann fer ekki endilega alltaf mjög hratt yfir, en örugglega og leysir erfið verkefni jafnan af skynsemi og yfirvegun. Hann er vinnuglaður, samvinnuþýður og til í að vinna fyrir hvern sem er. Hann hefur einstakt geðslag, er seinþreyttur til vandræða, mannelskur og góður með öðrum hundum. (Skrifað 2011)

Myndband tekið upp 19.6.2012. Dan er á 9 ári þegar þetta er tekið upp og því kominn af léttasta skeiði, en myndbandið sýnir engu að síður nokkuð vel vinnulag hundsins:

*http://www.youtube.com/watch?v=8T1KVxTvLOI&feature=autoshare*







| Foreldrar | Forfeður | | |
|---|---|---|---|
| **Faðir:** Tam ISDS 226847 *Ræktandi: D.N.MacRae* | Craig, *S.L. Davidson* **1995 IntSu 1, 1996 S.Nat 2, 1994 S.Nat 6** | Scot, *John Paterson* | Ben, *N.MacLean* |
| | | | Bess , *Mrs.E.Rogers* |
| | | Gell, *John Paterson* | Moss, *J.J.Templeton MBE* **1979 IntSu 2** |
| | | | Dot , *D.Johnston* |
| | Jed, *S.L.Davidson* | Rob, *Andrew Dickman* | Dryden Joe, *R.Dalziel* **1986 S.Nat 1, 1982 IntSu7** |
| | | | Nell , *R.Dalziel* **1985 IntSu 6, Sh 1** |
| | | Lynn, *Liam Magee* | Kep, *P.Magee* |
| | | | Jed, *P.Magee* |
| **Móðir:** Jan ISDS 256622 *Ræktandi:B.K.MacFarlane* | Tam, *Robert Robertson* | Jim, *Robert Dalziel* **1994 IntSu 3, S.Nat 3** | Jock, *G.B.Howells* **1995 IntSu 3** |
| | | | Cass, *G.B.Howells* |
| | | Loos, *J.Newborough* | Wisp, *R.Dalziel* **1992 IntSu 1, S.Nat 1, 1989 IntSu 1, S.Nat 2** |
| | | | Dot, *R.Dalziel* **1995 S.Nat 1** |
| | If, *Ms.S.McGarty* | Tod, *Ron Bailey* | Bill, *R.Bailey* |
| | | | Skip, *R.Bailey* |
| | | Jed, *T.Iley* | Rob, *J.H.Wilson* **1998 IntSu 3, S.Nat 1 - 1996 IntSu 3, S.Nat 1** |
| | | | Kim, *J.D.Wilkinss.* |

Orðskýringar:

| | | |
|---|---|---|
| **Int:** International | **Ch:** Championship | **1:** fyrsta sæti |
| **S:** Scottish | **Su:** Supreme | **2:** annað sæti |
| | **Sh:** Shepards | ...o.s.frv. |